

L Ö G

um gæðamat á æðardún.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Allur æðardúnn, sem fluttur er úr landi, skal metinn og veginn af lögskipuðum dúnmatsmönnum. Hverri dúnsendingu skal fylgja vottorð matsmanna um, að dúnninn sé metinn og veginn. Skal sýslumaður (lögreglustjóri) votta með undirskrift sinni, að lögskipaður dúnmatismaður hafi undirritað vottorðið í viðurvist hans.

2. gr.

Ráðherra getur mælt svo fyrir, að ákvæði 1. gr. um mat og flokkun á æðardún, sem út er fluttur, skuli einnig ná til dúns, sem seldur er á innlendum markaði.

3. gr.

Allan dún skal merkja greinilega með merki útflytjanda.

4. gr.

Nánari reglur um mat, merkingu og meðferð dúnsins setur landbúnaðarráðuneytið í erindisbréfum til matsmanna.

5. gr.

Lögreglustjóri skipar dúnmatsmenn á þeim stöðum, er landbúnaðarráðuneytið telur þörf á, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

6. gr.

Matsmenn æðardúns skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um, að þeir vilji rækja starf sitt með alúð og samvirkusemi og fylgja settum reglum. Ráðuneytið stílar þeim heitið.

7. gr.

Kaup dúnmatsmanna greiðir útflytjandi eftir nánari ákvörðun í erindisbréfi, sbr. 4. gr. Ekki mega matsmenn þiggja neina þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, eða öðrum, sem við útflutning dúnsins eru riðnir, aðra en þá, sem ákveðin er í erindisbréfi. Ekki mega þeir heldur vera í þjónustu þeirra, sem flytja út æðardún.

8. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.